

## Stofnfundur Foreldrafélags Árskógarskóla

9. okt. 2012

### Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og ritara
2. Kosning stjórnar
3. Lög félagsins
4. Gjald
5. Önnur mál

Fundur settur kl. 20:00

Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson (GEG), skólastjóri, setti fundinn.

1. Kosning fundarstjóra og ritara
  - a. GEG gerði að tillögu sinni að GEG yrði sjálfur fundarstjóri.  
*Samþykkt samhljóða*
  - b. GEG gerði að tillögu sinni að Þorsteinn Marinósson (ÞM) ritaði fundargerð.  
*Samþykkt samhljóða*
2. Kosning stjórnar
  - a. GEG lagði til að fresta 2. lið dagskrár, kosning stjórnar og taka fyrir 3. lið, Lög félagsins fyrst.  
*Samþykkt samhljóða.*
3. Lög félagsins
  - a. GEG kynnti lið í lögum um grunnskóla um foreldrafélög og lögum um leikskóla um foreldraráð
    - i. Lög um grunnskóla 9. gr. Foreldrafélag.  
*„Við grunnskóla skal starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla.  
Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.“*
    - ii. Lög um leikskóla IV. kafli. Foreldrar og foreldraráð, 11. gr.  
Foreldraráð.  
*„Kjóra skal foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið. Í foreldraráði sitja að lágmarki þrjú foreldrar. Skal kosning til foreldraráðs fara fram í september á ári*

*hverju og skal kosið til eins árs í senn. Foreldraráð setur sér starfsreglur. Leikskólastjóra ber að starfa með foreldraráði. Leikskólastjóri getur sótt um undanþágu til sveitarfélags um stofnun foreldraráðs ef gildar ástæður eru fyrir hendi, svo sem vegna fámennis í leikskóla.*

*Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.*“

b. GEG lagði fram drög að lögum félagsins. Þau voru byggð á lögum sambærilegra foreldrafélaga.

1. grein.

Félagið heitir Foreldrafélag Árskógarskóla.

*Samþykkt samhljóða.*

2. grein.

Heimili og varnarþing er Árskógarskóli, Árskógi, 621 Dalvíkurbyggð

Breytingartillaga (breytt orðalag) lögð fram af ÞM:

Heimili og varnarþing þess er Árskógarskóli, Árskógi, 621

Dalvíkurbyggð

*Samþykkt samhljóða.*

3. grein.

Tilgangur félagsins:

- Að vinna að heill og hamingju barna skólans.
- Að koma á lifandi samstarfi milli skólans og heimilanna.
- Að stuðla að framgangi ýmissa mála í þágu barnanna og skólans.

Breytingartillaga lögð fram af ÞM:

Tilgangur félagsins:

- Að vinna að heill og hamingju barna skólans.
- Að efla tengsl heimila og skóla.
- Að stuðla að framgangi ýmissa mála í þágu barnanna og skólans.

*Samþykkt samhljóða.*

4. grein.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná m.a. með því:

- Að halda fræðslufundi þar sem fjallað er um ýmis uppeldisfræðileg efni.
- Að efla kynni foreldra innbyrðis og við starfsfólk skólans.
- Að efla þekkingu foreldra á starfsemi skólans.
- Að veita aðstoð í starfi skólans í þágu barnanna.

-Að styðja við og taka þátt í menningarviðburðum og félagslífi innan skólans.

-Að skipuleggja og halda utan um starf bekkjarfulltrúa í hverjum hópi/bekk/umsjónarhópi.

-Að taka þátt í samstarfi við önnur foreldrafélög og landssamtök  
*Samþykkt samhljóða.*

#### 5. grein.

Félagsaðild

- Foreldrar/forráðamenn barna skólans eru sjálfkrafa félagar.

*Samþykkt samhljóða.*

#### 6. grein.

Stjórn félagsins

- Er skipuð fimm aðilum. Að minnsta kosti tveir frá hvoru skólastigi og sá fimmti kemur helst frá því skólastigi sem er fjölmennara.

- Stjórnarmenn skulu kosnir til a.m.k. eins árs í senn á aðalfundi en tveir stjórnarmenn skulu sitja í tvö ár, einn af hvoru stigi.

- Stjórnin skiptir með sér verkum og boðar formaður stjórnarmenn á stjórnarfundum þegar þurfa þykir eða a.m.k. þrisvar á skólaári.

Breytingartillaga lögð fram af Ólafi Pálma Agnarssyni (ÓPA)

Stjórn félagsins

- Er skipuð fimm aðilum. Að minnsta kosti tveir frá hvoru skólastigi og sá fimmti kemur helst frá því skólastigi sem er fjölmennara.

- Stjórnarmenn skulu kosnir til a.m.k. eins árs í senn á aðalfundi en tveir stjórnarmenn skulu sitja í tvö ár, einn af hvoru stigi.

- Stjórnin skiptir með sér verkum og boðar formaður stjórnarmenn á stjórnarfundum þegar þurfa þykir.

*Samþykkt samhljóða.*

#### 7. grein.

Foreldrafélagið starfar skv. 9. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.

*Samþykkt samhljóða.*

#### 8. grein.

Árgjald félagsins er ákveðið árlega á aðalfundi.

Miklar umræður um gjaldið frá ýmsum. Lögð áhersla á að samræma gjald milli grunnskólahluta og leikskóla hluta. Samróma álit fundar að það gjald sem lagt er á börn á leikskóla aldri sé eðlilegt og það ráði för. Liður 4. í fundardagskrá, Gjald, tekinn til umræðu og samþykkt að gjald yrði 400 kr. á mánuði á hvern nemanda.

*Samþykkt samhljóða.*

Umræður um hvort réttlæt看legt yrði að greiða fyrir mörg börn frá sama heimili, þar sem tíðkaðist að aðeins væri lagt eitt gjald á hvert heimili áháð fjölda nemenda frá því.

Helena Frímansdóttir (HF) lagði til að greitt yrði fyrir 2 börn að hámarki.

*Samþykkt samhljóða*

Innheimta vegna barna á leikskólaaldri verið áfram á útsendum greiðsluseðli samhliða leikskólagjöldum og vísað til stjórnar að útfæra innheimtu vegna grunnskólabarna.

*Samþykkt samhljóða.*

(vísað í lið 4. í fundardagskrá og hann afgreiddur).

9. grein.

Aðalfund ber að halda í september hvert ár og skal hann boðaður með minnst viku fyrirvara. Á dagskrá aðalfundar eru venjuleg aðalfundarstörf og önnur mál. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.

*Samþykkt samhljóða.*

10. grein.

Lögum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi, enda sé það tilkynnt í fundarboðum með minnst viku fyrirvara.

*Samþykkt samhljóða.*

11. grein.

Slit foreldrafélagsins

- Ákvörðun um slit félagsins verður tekin með einföldum meirihluta á aðalfundi og renna þá eignir þess til Árskógarskóla.

*Samþykkt samhljóða.*

Lögin lögð fram í heild sinni

1. grein.

Félagið heitir Foreldrafélag Árskógarskóla.

2. grein.

Heimili og varnarþing þess er Árskógarskóli, Árskógi, 621 Dalvíkurbyggð.

3. grein.

Tilgangur félagsins:

- Að vinna að heill og hamingju barna skólans.
- Að efla tengsl heimila og skóla.
- Að stuðla að framgangi ýmissa mála í þágu barnanna og skólans.

#### 4. grein.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná m.a. með því:

- Að halda fræðslufundi þar sem fjallað er um ýmis uppeldisfræðileg efni.
- Að efla kynni foreldra innbyrðis og við starfsfólk skólans.
- Að efla þekkingu foreldra á starfsemi skólans.
- Að veita aðstoð í starfi skólans í þágu barnanna.
- Að styðja við og taka þátt í menningarviðburðum og félagslífi innan skólans.
- Að skipuleggja og halda utan um starf bekkjarfulltrúa í hverjum hópi/bekk/umsjónarhópi.
- Að taka þátt í samstarfi við önnur foreldrafélög og landssamtök.

#### 5. grein.

Félagsaðild

- Foreldrar/forráðamenn barna skólans eru sjálfkrafa félagar.

#### 6. grein.

Stjórn félagsins

- Er skipuð fimm aðilum. Að minnsta kosti tveir frá hvoru skólastigi og sá fimmti kemur helst frá því skólastigi sem er fjölmennara.
- Stjórnarmenn skulu kosnir til a.m.k. eins árs í senn á aðalfundi en tveir stjórnarmenn skulu sitja í tvö ár, einn af hvoru stigi.
- Stjórnin skiptir með sér verkum og boðar formaður stjórnarmenn á stjórnarfundum þegar þurfa þykir.

#### 7. grein.

Foreldrafélagið starfar skv. 9. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.

#### 8. grein.

Árgjald félagsins er ákveðið árlega á aðalfundi.

(Nú samkvæmt samþykkt aðalfundar 2012 400 kr. á mánuði)

#### 9. grein.

Aðalfund ber að halda í september hvert ár og skal hann boðaður með minnst viku fyrirvara. Á dagskrá aðalfundar eru venjuleg aðalfundarstörf og önnur mál. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.

10. grein.

Lögum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi, enda sé það tilkynnt í fundarboðum með minnst viku fyrirvara.

11. grein.

Slit foreldrafélagsins

- Ákvörðun um slit félagsins verður tekin með einföldum meirihluta á aðalfundi og renna þá eignir þess til Árskógarskóla.

Lög þessi voru samþykkt á stofnfundi Foreldrafélags Árskógarskóla sem haldinn var 9. október 2012.

*Samþykkt samhljóða*

2. Kosning stjórnar. Frestaður liður á dagskrá.

a. Fyrir fundinn höfðu gefið kost á sér til setu í stjórn:

Inga Rut Pétursdóttir

Karen Lind Árnadóttir

Ólafur Pálmi Agnarsson

Á fundinum gáfu kost á sér til setu í stjórn:

Þorsteinn Marinósson

Hólmfríður Helga Björnsdóttir

Ekki bárust fleiri framboð.

Réttkjörin til stjórnar eru því ofantalin.

5. Önnur mál

a. Fjármál

i. Í gangi eru tveir söfnunarreikningar frá áður starfandi foreldrafélagi fyrri Árskógarskóla og Foreldraráði Leikbæjar.

Rætt um að þeir renni saman í einn. Kennitala Foreldraráðs leikbæjar nýtt vegna þessa og höfð á henni nafnabreyting. Vísað til stjórnar.

b. Rætt um hefðir á viðburðum í fyrri Árskógarskóla og Leikbæ.

Upptaldir eftirfarandi viðburðir:

- Jólaföndur.
- Skólaferðalag.
- Vöflukaffi í tengslum við árshátíð.
- Piparkökubakstur.
- Öskudagsball og fyrirkomulag öskudags.
- Vorferð.
- Jólagjafir vegna Litlujóla.

Stjórn foreldrafélags geri lista um hefðir sem voru við lýði og komi til skólastjórnenda. Málið verði tekið fyrir á starfsmannafundi í Árskógarskóla og

gerð tillaga að fyrirkomulagi. Samráð verði milli Foreldrafélags og skóla um fyrirkomulag með áherslu á samstarf.

c. Danskennsla:

Rætt um að hafa danskennslu sem foreldrafélag beri kostnað af. Möguleik á að hafa á skólatíma. GEG tók vel í málið. Vísað til stjórnar að hafa samráð við skólastjórnendur um fyrirkomulag.

GEG þakkaði fundarmönnum fyrir.

Ekki fleira á Dagskrá. Fundi slitið kl. 21:20

Fundargerð ritaði Þorsteinn Marinósson